

Fundargerð (48)

Fundur haldinn í húsakynnum Ríkissáttasemjara í Borgartúni fimmtudaginn 9. desember 2021, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson (Teams)
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Stöðumat.** Fundurinn hófst á því að fundarmenn fögnuðu því að sjást augliti til auglitis í fyrsta skipti um langa hríð. Þótt fundir á Teams hafi skilað ágætum árangri og fjarfundir gert starfsmönnum BVV kleift að upplýsa og fræða hundruð hagsmunaaðila á reglubundnum fundum, er mikilvægt að eiga í stýrihópnum umræður sem skapast við sameiginlegt fundarborð. Allir fundarmenn tjáðu sig um stöðu verkefnisins og var einhugur um að um margt hefði tekist ákaflega vel til. Stýrikerfið, samstaða stýrihópsins um leiðbeiningar og ráðgjöf, verkefnisstjórnin, tengslanetið, samstarf meðal launafólks og launagreiðenda, samstarf við Starfsmennt, tiltæk verkfæri s.s. Gullinbrú, fagleg vinna matshóps, frumkvæðisathuganir o.fl. var nefnt og jafnframt að útfærslan í fylgiskjali 2 (3) hafi reynst farsæll og vel ígrundaður grundvöllur verkefnisins.
- 2. Fundargerð 47. fundar.** Staðfest.
- 3. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur gerði grein fyrir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
- 4. Skýrslur innleiðingarhópa.** Fyrir lágu skýrslur frá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fulltrúi ríkisins gerði grein fyrir störfum innleiðingarhóps á vettvangi ríkisins og hið sama gerði fulltrúi SFV fyrir Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Skýrslur frá þeim innleiðingarhópum verða settar inn á vef verkefnisins í kjölfar fundar.

5. Hvernig stöndumst við markmið um hækkað starfshlutfall? Bergþór gerði grein fyrir nýrri greiningu á því hvernig markmið um hækkað starfshlutfall hafa gengið eftir hjá ríkinu frá 1. maí sl. Tölur benda til þess að árangur sé í samræmi við markmið um fjölda þeirra sem hafa hækkað starfshlutfall og á það einkum við um fjölda þeirra sem hafa aukið starfshlutfall í hefðbundnum kvennastéttum.

6. Önnur mál

Rætt um einstakt framlag verkefnisstjóra til verkefnisins og nauðsyn þess að tryggja starfskrafta hennar til loka samningstíma. Launagreiðendur og launafólk ræða kostnaðarskiptingu sín á milli.

Fundi slitið kl. 16.40. Næstu reglulegu fundir á nýju ári verða boðaðir fimmtudagana 6. og 20. janúar 2022 kl. 14.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams.